

**Fornleifar og ferðamál í Eyjafirði:
Rannsóknir og kynning á Gásakaupstað**

Adolf Friðriksson

Birna Gunnarsdóttir

Orri Vésteinsson

Minjasafnið á Akureyri

Fornleifastofnun Íslands

FS009 - 95061

Akureyri 1995

Efnisyfirlit

1. Kafli	<i>Inngangur</i>	3
2. Kafli	<i>Ferðamenn og minjar</i>	4
	<i>Íslensk menningarsaga og fornleifar - vannýtt auðlind</i>	5
3. Kafli	<i>Gásir</i>	7
	<i>Gáseyri í rituðum heimildum</i>	7
	<i>Fyrstu athuganir á Gáseyri</i>	8
	<i>Fornleifakönnun á 19. öld</i>	11
	<i>Nýlegar rannsóknir</i>	15
4. Kafli	<i>Kynning á Gásakaupstað: forsendur og leiðir</i>	18
	<i>Friðhelgi Gása</i>	18
	<i>Uppgröftur og ferðamenn</i>	19
	<i>Áfangastaður ferðamanna</i>	20
	<i>Gásir og nærsveitir</i>	21
5. Kafli	<i>Nýjar rannsóknir á Gásakaupstað: forsendur</i>	22
6. Kafli.	<i>Nýjar rannsóknir á Gásakaupstað: framkvæmdaáætlun 1996-1998</i>	24
	<i>Markmið</i>	24
	<i>Aðferðir</i>	24
	<i>Rannsóknaráætlun 1996 - 1998</i>	25
	<i>Kostnaðaráætlun 1996 - 1998</i>	26
7. Kafli	<i>Niðurstöður</i>	28

1. Kafli Inngangur

Á síðustu árum hefur viðleitni til verndunar og kynningar fornleifa fæst í vöxt. Áhugi á þessum málefnum í Eyjafirði endurspeglast í því að þar er nú unnið að stærsta verkefni landsins á sviði fornleifaskráningar, en það er skráning allra minjastaða sýslunnar. Ein helsta ástæða þess að fornleifar hafa lítið komið við sögu við uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi er sú staðreynd að fornleifaskráning hefur ekki farið fram nema að mjög takmörkuðu leyti. Er því gjarnan ekki vitað hvar áhugaverðar minjar er að finna, í hvaða ástandi þær eru eða hvert er þeirra menningarsögulega gildi. Hvað sem framvindu skráningarmála líður, þá eru allnokkrir áhugaverðir minjastaðir sem mönnum eru þegar kunnir en möguleikar til kynningar á stöðunum hafa ekki verið kannaðir eða nýttir nema að takmörkuðu leyti. Á undanförunum árum hafa verið uppi hugmyndir um að auka þátt menningarsögunnar í eyfirska ferðaþjónustu og hefur sá áhugi einkum beinst að hinum fornu kaupstaðarminjum á Gáseyri við vestanverðan Eyjafjörð.

Að ósk bæjaryfirvalda á Akureyri vann Fornleifastofnun Íslands í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri að athugun á gildi minjanna á Gáseyri fyrir ferðaþjónustu og hvernig standa mætti að rannsóknum og kynningu á þeim. Í tilefni þessa var farið í tvo stutta leiðangra á vettvang til að gera lauslega athugun á aðstæðum og umfangi rannsóknarsvæðisins. Þá voru og kannaðar ritheimildir um sögu Gáseyrar og verslun á miðöldum og rannsóknarskýrslur um fyrri athuganir þar. Í þessari skýrslu er birtur árangurinn af þeirri vinnu. Hér verður fjallað um hlutverk fornleifa í ferðaþjónustu. Í upphafi verður dregið á helstu grundvallaratriði varðandi kynningu á fornleifum. Þá verður fjallað um minjarnar á Gáseyri; heimildir úr sögu staðarins og árangur fyrri rannsókna. Gerð verður grein fyrir verndun minjanna, svo og helstu forsendur kynningar og rannsókna og loks lagðar fram tillögur um hvernig að þeim framkvæmdum mætti standa.

2. Kafli *Ferðamenn og minjar*

Ferðapjónusta er sú atvinnugrein sem hefur verið í mestum vexti hérlendis undanfarin ár. Ferðapjónusta skilar miklum tekjum í þjóðarbúið, og þeim fer stöðugt fjölgandi sem hafa þjónustu við ferðamenn að aðalstarfi allt árið, auk þess sem fjöldi fólks vinnur við ferðapjónustuna á sumrin þegar annir eru mestar. Flest bendir til þess að mikilvægi ferðapjónustu eigi enn eftir að aukast á næstu árum.

Til þessa hefur Ísland einkum verið kynnt erlendis sem náttúruparadís, spennandi áfangastaður fyrir þá sem vilja kynnast stórbrotnu landslagi og tiltölulega óspilltri náttúru, enda hefur landið upp á margt á bjóða fyrir áhugafólk um náttúruskoðun. Það er hins vegar vaxandi áhyggjuefni að umhverfi sumra vinsælustu staðanna er nú í stórhættu vegna átroðnings ferðamanna. Hjá ferðamálayfirvöldum er áhugi á að finna leiðir til að dreifa fjöldanum á fleiri staði, bæði til að auka fjölbreytni og til að koma í veg fyrir náttúruspjöll á vinsælustu stöðunum. Þótt enginn hörgull sé á náttúruperlum sem hægt væri að beina ferðamannastraumnum að, er vitund fólks einnig að vakna um það að fleira er áhugavert á Íslandi en fossar og hverir. Auk þessa hefur æ meir borið á að víða skortir afþreyingu fyrir ferðamenn, en ljóst er að á þessu sviði eru margir ónýttir möguleikar. Það vekur að vonum undrun að minjastaðir og aðlaðandi kynning á þeim hafa til þessa ekki verið nýtt í þágu ferðapjónustu. Í hinni öru þróun sem ferðapjónustan hefur verið, hefur kynning á menningu og sögu þjóðarinnar orðið útundan, og fjöldi erlendra ferðamanna fer héðan án þess að hafa nema mjög óljósa hugmynd um þjóðina sem býr hér.

Íslensk menningarsaga og fornleifar - vannýtt auðlind

Byggðasöfnin fullnægja kröfum hluta þess hóps sem vill kynna sér sögu landsins. Nokkur safnanna eru í torfbæjum sem eru búnir gömlum munum, en lítið hefur verið um að hlutirnir séu sýndir í notkun og settir í samhengi við daglegt líf. Mikil aðsókn að sýningum sem gefa innsýn inn í horfna starfshætti og daglegt líf til forna gefur skýra vísbendingu um að með

breyttum áherslum geti söfnin náð til mun stærri hóps en nú er. Utan safnanna eru fá tækifæri fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda, til að kynna sér sögu Þjóðarinnar og þeir möguleikar sem búa í kynningu á minjum um sveitir landsins eru að mestu ókannaðir. Löngum hefur verið talið að hérlendis væru engar fornleifar sem vert væri að sýna eða kynna. Þetta viðhorf helgast eflaust að miklu leyti af samanburði við stórfenglega minjastaði erlendis, þar sem víða má sjá rústir mannvirkja sem voru reist af meiri efnum og úr varanlegri efniviði en það sem forfeður okkar hafa skilið eftir sig. Rústir torfbæja og annarra mannvirkja úr íslenskri fortíð eru oft lítt áberandi í landslaginu og hafa ekki þótt verðskulda mikla athygli. Sú afstaða hefur e.t.v. að nokkru leyti stjórnað af því að torfbærir og útihús úr torfi voru víða í notkun langt fram á þessa öld, en þegar ný hús voru reist þóttu þau gömlu minna á erfiða tíma sem best væri að gleyma, eða lítil ástæða til að varðveita minjar um. Fyrir þær kynslóðir sem eru fæddar og aldar upp í þéttbýli eru þessar minjar hins vegar vitnisburður um framandi lífshætti og fjarlæga fortíð og sem slíkar eru þær ónýt auðlind til afþreyingar og fræðslu. Í augum erlendra gesta eru tóftabrot vissulega forvitnilegir skoðunarstaðir. Tóftir íslenskra torfbæja eru áþreifanlegar minjar um búsetu á norðurhjara Evrópu, þar sem húsaskipan og búsysla markast mjög af þeim afarkostum sem óblíð náttúran og veðurlag setur. Vel varðveittar tóftir í fögru íslensku umhverfi gefa ferðalangri möguleika á að upplifa brot úr menningarsögu Þjóðarinnar á eftirminnilegan hátt. Tóftarbrot eru verksummerki er standa sem hljóðir minnisvarðar um horfna lífsháttu fornþjóðar og minna á þann járnaldarsvip sem einkenndi íslenskt samfélag frá upphafi byggðar og fram á öndverða tuttugustu öld.

Ekki eru allir fornleifastaðir jafnvel til þess fallnir að þangað sé æskilegt að beina ferðamönnum. Þess eru mörg dæmi að skipulagðir hópar ferðamanna hafa viðkomu á stöðum á borð við Hlíðarenda eða Borg, þó þar séu engar sýnilegar minjar frá þeim tíma sem frægðarljómi þessara staða stafar frá. Sýnilegar og áhugaverðar minjar á sögufrægum stöðum heyrir til undantekninga. Á Þingvöllum er vissulega sitthvað er gleður augað og Snorralaug í Reykholti hefur löngum haft verulegt aðdráttarafl. Stöng er eina dæmið um stað þar sem uppgrafnar bæjarrústir eru hafðar til sýnis almenningi og er hann fjölsóttur þrátt fyrir lakan aðbúnað og samgöngutálma.

Það er athyglisvert að hvergi á Norðurlandi hefur verið leitast við að kynna fornleifar fyrir ferðamönnum með skipulögðum hætti. Eflaust má finna áhugaverða sögustaði og aðlaðandi

minjar í hverri sveit, en aðdráttarafl þeirra er mismikið og aðstæður misgóðar til kynningar. Af þeim stöðum á Norðurlandi sem nú eru lítt þekktir en með réttu ættu að vera jafn aðgengilegir og kunnir og Þingvellir eða Reykholt, eru Borgarvirki, Hegranesþing og Gásir. Á öllum þessum stöðum falla saman helstu grundvallarforsendur fyrir velheppnaðri nýtingu á minjum í ferðaþjónustu. Hvað Gása varðar þá eru þessar forsendur fólgnar í eftirfarandi:

- 1) Staðurinn er einstakur. Hvergi á landinu eru jafn umfangsmiklar minjar um kaupstað frá miðöldum.
- 2) Minjarnar eru sýnilegar og vel varðveittar.
- 3) Góðir möguleikar eru á að gera staðinn aðgengilegan með minniháttar samgöngubótum og skipulagi.
- 4) Staðurinn er nærri fjölfarnasta þjóðvegi landsins. Hann er í námunda við stórt byggðalag með fjölbreytta þjónustu. Þar er öflugt byggðasafn er annast gæti kynningu og eftirlit á minjastaðnum á ferðamannatímanum.

Að þessu athuguðu má ljóst vera að kynning á Gásum er ekki einungis vel boðleg nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi, heldur má og undrast yfir að ekki hafi verið ráðist í að kynna þennan stað löngu fyrr á þann veg að hann væri Íslendingum sem erlendum gestum jafn kunnur og þeir staðir á Suður- og Vesturlandi sem nefndir hafa verið. Til þessa hefur ekki verið ráðist í neinar framkvæmdir á Gáseyri. Eykur það enn gildi staðarins að þar er ekki að finna umhverfisspjöll á borð við steinsteyppt minnismarki ofan í miðri tóft, eða upphlaðna búðarveggi, sem reistir hafa verið fremur af framkvæmdagleði og vanhugsun en umhyggju fyrir varðveislu menningarverðmæta og nýtingu þeirra í framtíðinni. Er mönnum því allar leiðir færar í að gera Gása og nánasta umhverfi að spennandi og aðlaðandi ferðamannastað. Áður en af því verður þurfa að fara fram uppmæling og rannsóknir á staðnum og nánasta umhverfi, enda fátt um staðinn vitað annað en það sem fram kemur í brotakenndum frásögnum í ritheimildum. Hafa nokkrar athuganir verið gerðar á staðnum í gegnum tíðina og verður um þær fjallað í næsta kafla.

3. Kaflí Gásir

Frá sjónarhóli fornleifafræðinnar er kaupstaðurinn að Gásum eflaust merkasti minjastaður á Norðurlandi. Rústirnir á Gáseyri eru friðlýstar samkvæmt þjóðminjalögum, enda eru kaupstaðaminjar af þessu tagi afar fágætar. Um staðinn eru til fáeinir ritaðar heimildir frá miðöldum. Á 19. og 20. öld hafa minjarnar vakið áhuga fornleifakönnuða og vísindamanna og þar hefur tvívegis verið gerð fornleifarannsókn. Verður nú gefið yfirlit yfir þessar rannsóknir og tekin saman sú þekking sem nú þegar er fyrir hendi. Verður þá unnt að meta stöðu rannsókna á Gásum í því augnmiði að leggja til nýjar rannsóknir og aðrar framkvæmdir á staðnum.

Gáseyri í rituðum heimildum

Kaupstaðarinn á Gáseyri er mjög víða getið í fornum sögum og oft nefndar skipakomur "að Gásum". Í annálum er siglinga þangað síðast getið árið 1391. Þótt vörur sem þar voru á boðstólum séu sjaldan nefndar má gera ráð fyrir að þær hafi verið af því tagi sem ekki fékkst hérlendis, s.s. timbur, korn, malt og dýr vefnaður. Nöfn skipa, sem þekkt eru úr heimildum, benda til að þau hafi flest verið frá Noregi. Oftast er þess aðeins getið að skip hafi komið að landi að Gáseyri, eða látið þaðan í haf, en vitað er að oft hafa mörg skip verið þar samtímis, flest fimm eða sex. Getur nærri að mikill mannfjöldi hafi þá verið saman kominn á Gáseyri.¹ Kirkjuleifar þar vitna um fasta búsetu yfir sumartímann. Ekki er vitað með vissu hvenær verslun á Gáseyri lagðist af. Þær hafnir sem voru notaðar hverju sinni er mjög víða getið í heimildum. Sú þögn sem legið hefur yfir Gáseyri og kaupstaðinn þar frá lokum miðalda er sterk vísbending um að höfnin og staðurinn hafi lagst af á 15.öld. Verið getur að skipakomum hafi fækkað þegar farið var á nýjar hafnir sunnanlands, s.s. í Hvalfirði og við Hafnarfjörð². Þá urðu einnig miklar breytingar á íslenskri

¹ Daniel Bruun. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. Reykjavík, 1987, bls. 196-204; Finnur Jónsson 'Hinn forni kaupstaður "at Gásum"'. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1907*. Reykjavík 1908.

útflutningsverslun á 14. öld. Í stað vaðmáls sem lengstum hafði verið helsta útflutningsvaran, urðu skreið og lýsi uppistaðan í útflutningi. Aukið gildi sjávarfangs í stað landbúnaðarafurða hefur dregið úr mikilvægi Gáseyrar, enda liggur hún fjarri helstu verstöðunum á Suður- og Vesturlandi en hafnir þar syðra³. Auk þessa er sennilegt að náttúrfarslegar breytingar á eyrinni og lóninu við hana hafi endanlega gert út um hlutverk Gása. Mikill framburður sem kemur úr Hörgá, hefur valdið því að lendingastaðir skipa spilltust. Smám saman greri yfir allar minjar um þau miklu umsvif sem voru á Gásakaupstað og staðurinn gleymdist.

Fyrstu athuganir á Gáseyri


Frá því er síðustu kaupmennirnir hurfu með varning sinn og umbúnað og fram til þeirra tíma er rannsóknir hófust á fornminjum, eru engar heimildir til um Gása aðrar en sjálfur minjastaðurinn. Það er sjaldgæft að finna lýsingar á íslenskum minjastöðum sem hafa verið ritaðar fyrir aldamótin 1800, enda hófst skráning og rannsóknir á fornleifum ekki fyrr en á öndverðri 19. öld. Árin 1775-1777 fór Ólafur Olavíus um Ísland á vegum dönsku stjórnarinnar í þeim tilgangi að safna upplýsingum um landshætti og atvinnuvegi þjóðarinnar. Þessu fylgdi úttekt á ásigkomulagi sjávarútvegs og athuganir á höfnum og lendingum. Hefur hann ritað í Ferðabók sína lýsingu, sem líklega er sú elsta sem gerð hefur verið af Gáseyri⁴. Hann nefnir að á Gáseyri hafi fyrrum verið "einn helsti verslunarstaðurinn á Íslandi, ef unnt var að nefna nokkurn stað því virðulega nafni". Lýsing hans á sjálfum minjunum er stutt. Hann segir staðinn þekktan kaupstað af sönnum íslenskum sögum og fornum bréfum, en jafnframt "þá sést það einnig greinilega af tóttabrotum þeim, sem þarna eru. Alls eru tóttirnar 36 að tölu, eru sumar þeirra stórar um sig, og um eina þeirra er hlaðinn garður". Af þessum orðum Olavíusar er ljóst að minjarnar á Gáseyri voru ólíkar þeim tóftum sem hann hafði séð annars staðar. Hann telur þær ekki vera minjar bæjarhúsa eða önnur ummerki um hefðbundna búsetu og landbúnað, þó

²Jón Jóhannesson. *Íslendinga saga II.*, Reykjavík 1958, bls. 139-154.

³Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir. *Saga Íslands IV.* Reykjavík 1989, bls. 131-159.

⁴Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*, Reykjavík 1965, bls. 56-7.

Grummynd af Gásakaupstað og umhverfi hans. a) hjállar eða fiskikofar frá síðari tímum, b) bátanaust, nýlegt, c) tangi með mjög ógreinilegum tóttum, d-d) búdatóttimar, e) kirkjan, f-f-f) stakar smátóttir. (D.B. 1907).



svo að vitneskja heimamanna um hinn forna kaupstað hafi verið takmörkuð. Er vitnisburður hans mikilsverð heimild um eðli minjanna á Gásum.

Svo sem fram kom hér að ofan, er líklegt að breytingar á eyrinni hafi valdið því að staðurinn lagdist af. Þegar Olavíus kom þar að á seinni hluta 18. aldar virðist staðurinn hafa lítt verið

þekktur, enda hið forna nafn nánast týnt: "En þar sem mönnum í seinni tíð hefur ekki líkað hið forna heiti staðarins, þótt það í sjálfu sér sé bæði viðurkvæmilegt og saklaust, hafa menn nú nefnt eyrina Toppeyri, svo að fátt vantar annað á en staðarheitið sé afmáð í sögunni, til þess að þessi staður, sem var svo merkur í verslunarsögu fyrri alda, gleymist að fullu og öllu."

Auk þess að vera elsta lýsingin á staðnum er frásögn Ólafs einnig afar mikilvæg heimild um staðhættu við Gáseyri og breytingar á þeim í tímans rás. Þar eð rannsóknir hans á högum landsmanna snerust að nokkru um hafnarskilyrði, þá hefur hann skoðað Gáseyrina í krók og kring og dregið ýmsar ályktanir um náttúrufar og breytingar. Hann telur að eyrin hafi verið gróin og falleg til forna, en hafi síðar tekið að eyðast af særóti að sunnan og af ágangi Hörgár sem skilur að eyrina frá meginlandinu að norðan. Hann vísar til ónefndra heimildamanna um að eyrin hafi áður einungis verið skilin frá meginlandinu að sunnanverðu af ós eða lóni. Ósinn er þar enn og gengur upp undir búðatóftirnar, en er svo djúpur á flóði "að hann er hestum á sund, en þornar að mestu um fjöru". Olavius segir dýpið í vikinni miðja vegu milli odda eyrarinnar og meginlandsins vera aðeins um 2 fet um flóð. Í óskjafninum og við svonefndan Skipaklett suðaustan tóftasvæðisins er dýpið hinsvegar 5 fet. Af þessu dregur hann þá ályktun að þarna hafi vatnið grynnt mjög í seinni tíð, enda hafi árnar borið þar fram mól og sand.

Fornleifakönnun á 19. öld

Árið 1817 lét hin konunglega nefnd um varðveislu fornminja gera viðamikla fornleifaskráningu um allt land. Sendir voru út spurningalistar til allra sóknarpresta þar sem leitað var upplýsinga um minjar og sögustaði. Engar tóftir að Gásam voru nefndar í skýrslum sóknarpresta í Eyjafirði, þrátt fyrir að skýrslur úr þessum héruðum hafi flestar verið greinargóðar og ítarlegar⁵. Eftir að þessu átaki nefndarinnar lauk lá fornleifakönnun á Íslandi niðri í rúma tvo áratugi, eða þar til Hið íslenska bókmenntafélag vann að umfangsmiklu verki um lýsingu Íslands og sendi spurningalista til presta og sýslumanna um land allt árið 1839 og síðar. Á listanum voru tvær spurningar er varða fornleifar og í svörum prests fyrir Glæsibæjarsókn er tófta á Gáseyri getið. Í svari séra Björns Jónssonar

⁵ *Frásögur um fornaldarleifar. Síðari hluti*. Reykjavík 1983, bls. 556-559.

segir: “Skammt frá Gásum, yzta bæ Glæsibæjarsóknar, sést móta fyrir húsatóftum, sem staðfestir sögu gamla um kaupstað eður þorp þar í fornöld”⁶.

Kristian Kaalund fór að Gásum þegar hann vann að lýsingu sinni á íslenskum sögustöðum 1872-4. Hann nefnir að malareyrin sem gengur út af Krókseyri í landi Gása sé ýmist kölluð Gáseyri eða Toppeyri. Hann segir um tóftirnar að þær séu “svo margar, að ætla mætti, að Gásir hefðu á sínum tíma verið fjölsóttasti verzlunarstaður á Íslandi.”⁷ Búdatóftirnar liggja á öllum efri hluta nessins og einnig er að finna tóftir hér ög þar á láglandinu til beggja hliða. Liggja nokkrar þeirra í röð meðfram ströndinni næst ósnum. Hann segir að tóftirnar á láglandinu og við ströndina líkist helst venjulegum ferhyrnum tóftum en þær sem liggja ofar eru miklu stærri og þykkari. Telur hann ekki ósennilegt að þær gætu verið leifar af fjórum eða fimm bæjum sem þar hafa staðið og stingur upp á að þar hafi bærinn Gæsir staðið til forna. Ofan við tóftaþyrpinguna er síðan kringlótt girðing og aflöng tóft þar innan í. Kaalund leitaði vísbendinga um Gásakaupstað í rituðum heimildum og taldi þessa tóft vera leifar kirkjunnar sem getið er í annálum. Hann sló tölu á fjölda tófta og virðist hafa koma auga á fleiri tóftir en Olavius hafði gert einni öld fyrr, eða að minnsta kosti um 50 tóftir. Ekki skal mikið lagt upp úr þessum tölum um raunverulegan fjölda tóftanna. Þó er ekki útilokað að Kaalund hafi talið þar með leifar bygginga sem byggðar hafi verið síðar, en um það verður ekki fullyrt. Enginn uppdráttur var gerður af Gásum á 19. öld, enda slíkt næsta fátítt að undanteknum þeim stöðum sem Hið íslenska fornleifafélag lét rannsaka. Á fyrsta ársfundi félagsins 1880 komu fram þau áform að hefja þegar rannsóknir á Gáseyri, enda minjastaðurinn talinn einkar mikilsverður⁸. Þrátt fyrir umfangsmikla leiðangra um allt land sem dugmesti fornleifakönnuður félagsins, Sigurður Vigfússon tók sér fyrir hendur, þá fór hann aldrei að Gásum. Það gerði hinsvegar arftaki hans hjá félaginu Brynjúlfur Jónsson. Fór hann um Norðurland aldamótaárið og skoðaði Gáseyri. Brynjúlfur gróf ekki á staðnum en lýsir honum stuttlega. Bætir sú lýsing engu við fyrri frásagnir. Hann skráði

⁶ *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*. (Eyfirsk fræði II). Akureyri 1972.

⁷ P.E. Kristian Kaalund. *Íslenskir sögustaðir. Norðlendingafjórðungur*. Reykjavík 1986. (Bl. 81)

⁸ Án höf.: "Ársfundur félagsins". *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1880-1881*, bls. 6-7.

einnig þau munnmæli um staðinn að það hafi verið venja eyfirskra stórbænda að eiga þarna búðir. Sátu þeir að Gásum með konum sínum og dætrum til lengri eða skemri tíma á hverju sumri á meðan á kaupstefnu stóð og nutu þeirra skemmtana sem þar munu hafa verið. Taldi Brynjúlfur líklegt að þarna hafi ekki eingöngu verið sumarbústaðir, heldur einnig stöðug byggð árið um kring. Máli sínu til stuðnings benti hann á að þarna væru kirkjuleifar. Getur hann þess að einhver hafi byrjað að grafa í kórinn en hætt við aftur⁹.


Fornleifarannsóknir á Gásakaupstað

Hvergi annars staðar á landinu eru jafn miklar minjar um verslun til forna og á Gáseyri og því eðlilegt að staðurinn hafi vakið athygli fornleifafræðinga. Danskir fornleifafræðingurinn Daniel Bruun sem var hvað atkvæðamestur við fornleifarannsóknir á Íslandi um aldamótin, rannsakaði skipulega flesta þætti hins forna samfélags, þ.e. greftrunarsíðu, hofminjar, þinghald og einnig kaupstaðarminjarnar á Gáseyri. Sumarið 1907 komu Daniel Bruun og prófessor Finnur Jónsson að Gásum, gerðu uppdrátt af minjunum og grófu í tóftirnar¹⁰. Eru rannsóknir þeirra þær umfangsmestu sem gerðar hafa verið á Gáseyri. Af uppdrættinum sem fylgir rannsóknarskýrslunni að dæma virðast þeir hafa fundið yfir 60 tóftir, sem dreifast á svæði sem er um 150 metra langt og um 80 metra breitt. Þær virðast liggja í þremur eða fjórum meginröðum, frá norðri til suðurs. Á milli stærstu þyrpinganna er dæld sem gæti hafa verið gata á milli búðaraða. Mun sjórinn líklega hafa brotið af einhverjar búðir að austanverðu. Á yfirborðinu sjást bollar og lautir í tugatali, ýmist skilin að með breiðum veggjum eða samansigin göng liggja á milli. Auk þess sem grafnar voru smærri prufuholur á um 16 stöðum, grófu þeir eina heila búð sem skiptist í fimm hólf. Af lýsingunni að dæma hafa verið fleiri en eitt gólflag í tóftinni, og í þeim voru eldstæðisholur. Veggir búðanna reyndust hlaðnir eingöngu úr torfi og hleðslan ekki há. Engar menjar um stoðir fundust, og töldu þeir það benda til að

⁹ Brynjúlfur Jónsson, "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1901, bls. 18.

¹⁰ Finnur Jónsson and Daniel Bruun, "Det Gamle Handelssted Gásar (At Gásum), yngre Gæsir, ved Öfjörd (Eyjafjörður) Undersøgelser foretagne i sommeren 1907". *Oversigt over det Kongelige Danske Videnskabernes Selskabs Forhandlinger 1908*, bls. 95-111.

Finnur Jónsson, "Hinn forni kaupstaður "at Gásum"". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1908, bls. 3-8.



Grunnmynd af búðasvæðinu á Gásim. a) nýr stekkur, b) stekkur með garði umhverfis, c-d) búðahyrping, sem grafin var upp, d-d) sjávarbakkinn, sem sjörinn grefur undan, e) kirkjutóttin, 1-16) staðir þar sem grafið var. (Teikning: F. Froda). (D.B. 1907).

þök hafi ekki verið reist yfir, heldur aðeins tjaldað yfir búðirnar enda hafi þær eingöngu verið í notkun um sumartíma. Í ljós kom að inni í búðunum höfðu hlaðist upp mismunandi gólfög sem bendir til þess að búðirnar hafi verið í notkun um langt skeið.

Ef frá er talið brýni fundu þeir Bruun og Finnur enga muni, en nokkuð af dýra- og fuglabeinum. Þá var einnig grafið í hina svokölluðu kirkjutóft. Svo sem fram hefur komið, þá er í rituðum heimildum getið um kirkju á Gáseyri og sagt að hún hafi brotnað 1359.

Kirkjutóft og garður umhverfis sem Kaalund hafði getið í frásögn sinni, eru rétt vestan við búðatóftirnar og grófu Bruun og Finnur ofan í tóftina. Veggjaleifar sem þeir komu niður á mátu þeir svo að kirkjan hafi verið úr timbri eingöngu, en ekki með torfveggjum. Engar grafir fundust innan kirkjugarðsins. Ekki geta þeir um verksummerki þau er Brynjúlfur sá þá er hann kom þar nokkrum árum áður.

Að loknum uppgreftinum töldu þeir sýnt að Gásir hefðu verið stærsti kaupstaðurinn á Íslandi á söguöld og að fólk hefði aðeins haft þar búsetu á sumrin meðan kaupskip lágu við festar.

Nýlegar rannsóknir

Árið 1986 hófst nýr kafli í rannsóknasögu Gásakaupstaðar, þegar Margrét Hermannsdóttir og Bjarni F. Einarsson grófu þar nokkra profuskurði¹¹. Helstu markmið rannsóknarinnar voru að komast að því hvenær verslun hófst á Gáseyri og hve lengi hún stóð, og hvort finna mætti merki um búsetu að Gásum allt árið eða hvort hún hafi eingöngu verið árstíðabundin.

Grafnir voru fjórir profuskurðir, einn í kirkjutóftina og þrír í og við tóftir á sjálfu búðasvæðinu. Við rannsóknina kom í ljós að niðurstæða Finns Jónssonar og Daniels Bruun um að kirkjan hafi verið úr timbri eingöngu er ekki rétt. Kom m.a. fram að uppgroftur þeirra hafi verið takmarkaðri en sýnt var á uppdráttum. Var nú grafið dýpra og lengra út frá veggjum en þeir höfðu gert og kom þá í ljós að torfhlaðinn veggur hefur verið utan um timburveggi kirkjunnar á Gásum. Ekki er nefnt í skýrslunni hvort verið hafi ummerki um endurbyggingu eða viðgerðir og því ekki unnt að segja hvort þar hafi verið kirkja um langan aldur. Engar upplýsingar um aldur mannvirkisins eru þar að finna heldur. Svo sem fyrr segir þá voru þrír profuskurðir grafnir í búðatóftirnar sjálfar. Í skýrslunni kemur fram að ýmisskonar sýni hafi verið tekin til aldursgreingar og annarra athugana. Tekin voru sýni af lífrænum leifum til geislakolsmælinga og sýni úr

¹¹ Margrét Hermannsdóttir, "Fornleifarannsóknir að Gásum og víðar í Eyjafirði árið 1986". *Súlu* 27, 1987, bls. 3-39.

gjóskulögum. Hefur skýrsluhöfundur ekki birt niðurstöðu athugana á þessum sýnum. Ekki er að sjá að gerð hafi verið heildarathugun á gjóskulögum á rannsóknarsvæðinu, en það er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að nota gjóskulagafræði til aldursákvörðunar á minjum. Er því ekki að vænta trúverðugarar niðurstöðu af þessari sýnatölu. Margrét telur að tóftirnar sem liggja norðvestast á svæðinu munu vera hinar elstu, enda virðast leifar torfveggja þar lægri. Er það hæpin fullyrðing, enda kunna margar aðrar orsakir að liggja að baki mismunandi ástandi og lögun tóftanna. Við rannsóknina fundust allmargir gripir þrátt fyrir að uppgroftur hafi verið takmarkaður. Einungis tveir þeirra virðast gefa vísbindingu um aldur, en það eru leirkersbrot frá 13. og 14. öld eða þar um bil. Í skýrslunni segir að þeir hafi verið fundnir ofarlega í jarðlögunum, en því miður virðist skráningu á uppgraftarupplýsingum vera áfátt. Athygli vekur að bein og forngripir úr lífrænum efnum, s.s. víði og leðri fundust við uppgroftinn og virðast varðveisluskilyrði því vera góð. Er það afar heillandi niðurstaða, enda mun staðurinn ljóslega vera heppilegur til rannsókna sem skilað geta nýstárlegum upplýsingum um varning og vistir í fornum íslenskum kaupstað. Þá er einnig athyglisvert að undir minjum sem eru sjáanlegar á yfirborði fundust leifar jarðhúsa. Telur höfundur skýrslunnar um rannsóknina það benda til þess að sögu staðarins megi rekja aftur til um ársins 1000. Jarðhúsin eru merkileg uppgötvun og minna á að á Gáseyri kann margt að leynast sem ekki sést móta fyrir á yfirborði. Um aldur jarðhúsa er hins vegar ekki mikið hægt að segja. Ekki er unnt að staðfesta að byggðin á Gásum nái aftur á víkingaöld að svo stöddu, þó svo að þar hafi fundist jarðhús. Er rétt að minna á að ekki er ljóst hvort að á Íslandi hafi jarðhús eingöngu verið gerð og notuð í upphafi byggðar eða einnig á síðari tímum. Um elstu mannvistarleifar á Gásum verður því ekkert sagt nema að frekari rannsóknum undangengnum. Meðal gripa sem fundust má nefna brot úr klébergspotti og brýnisbúta úr flögubergi, og er hvoruga bergtegundina að finna héraendis. Einnig fannst nokkuð af smíðagjalli og gæti það bent til þess að járnsmíðar og jafnvel önnur handiðn hafi verið stunduð í kaupstaðnum.

Allar rannsóknir með uppgrefti á Gásum eiga það sammerkt að hafa verið takmarkaðar við prufuholur og skurði að þeirri tóft undanskilinni sem grafin var upp 1907. Er því ekki að vænta að niðurstöður þeirra gefi heildarmynd af aldri og sögu staðarins. Þó er

Ijóst að aðstæður eru ákjósanlegar til rannsókna: varðveisluskilyrði eru mjög góð, þar eru gjóskulög í jarðvegi og minjunum hefur til þessa lítið verið raskað.

Frá því er hinn stuttu athugun lauk árið 1986, hafa rannsóknir á Gásum legið niðri þar til höfundar þessarar skýrslu gerðu lauslega vettvangsathugun á staðnum sumarið 1995 í tilefni af nýjum rannsóknum og kynningu á Gásakaupstað. Að lokinni þeirri athugun er ekki miklu að bæta við fyrri lýsingar á staðnum að svo stöddu. Er sennilegt að þar sé nú svipað umhorfs og var í upphafi aldarinnar er Daniel Bruun og Finnur Jónsson voru á ferð. Rofið á austanverðu svæðinu hefur án efa haldið áfram. Að vísu er rofið ekki stórfellt, en huga verður að því hið fyrsta að verja tóftirnar næst sjónum gegn frekari eyðileggingu, eða láta rannsaka þær til hlítar. Við vettvangskönnunina kom einnig fram að líklegt er að rústasvæðið sé stærra en talið hefur verið. Svo kann að vera að tóftir eða jarðhúsaleifar leynist á þeim stöðum þar sem nú er stórþýfi vestan og sunnan búðaþyrpingar. Einnig er rétt að minna á að á uppdrætti Bruuns og Finns eru sýndar tóftir talsvert suðaustan og einnig norðvestan við þorpið. Um endimörk staðarins og raunverulega dreifingu byggðarinnar verður ekki skorið nema með rækilegri athugun.

4. Kafli *Kynning á Gásakaupstað: forsendur og leiðir*

Í köflunum hér að ofan hefur verið fjallað á almennan hátt um ferðaþjónustu og fornleifar annarsvegar og sögu rannsókna á Gáseyri hins vegar. Á grundvelli þessa verður í næstu köflum fjallað um nýjar rannsóknir og mögulega kynningu á Gáseyri. Hér er leitast við í upphafi að greina helstu forsendur fyrir fyrirhugaðri kynningu. Er það nauðsynlegur grunnur að hverskyns ákvörðunum um framkvæmdir á staðnum.

Friðhelgi Gása

Tóftirnar á Gáseyri eru friðlýstar og teljast því til þjóðminja samkvæmt 7. grein þjóðminjalaga, en þar segir að þjóðminjar séu “þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið varðveita ... með friðun.” Á skrá yfir friðlýstar fornleifar eiga heima þeir minjastaðir sem brýnast þykir að vernda og skila áfram til komandi kynslóða. Friðun útilokar ekki að minjastaður sé gerður aðgengilegur þeim sem vilja skoða rústirnar. Í 8. grein þjóðminjalaga segir: “Friðaðar fornminjar og mannvirki skulu ... vera til sýnis þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.” Til þessa hafa friðlýstar fornleifar ekki verið kynntar skipulega hérlandis, ef frá er talin Stöng í Þjórsárdal en þar eru til sýnis uppgrafnar rústir fornbæjar svo sem áður sagði. Um Gáseyri gildir hin almenna regla um friðun og varðveislu sem og um aðrar minjar: þær eru ekki eign fárra kynslóða sem hafa full yferráð yfir þeim minjum sem þar er að finna. Minjarnar eru arfur sem við höfum þegið og okkur ber að skila áfram til komandi kynslóða. Það þýðir ekki að svæðið eigi að vera lokað allri umferð heldur að þeir sem standa að kynningu á staðnum geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir takast á hendur, þ.e. að hindra að staðnum sé spillt og að gera kynninguna þannig úr garði að fólk fræðist ekki aðeins af heimsókn þangað heldur læri að meta og virða gildi fornleifastaða almennt.

Allar framkvæmdir á friðlýstum minjastöðum eru háðar leyfi og samþykki þjóðminjayfirvalda. Ef kynna á minjarnar að Gásam fyrir almenningi verður að vera tryggt að fornleifarnar beri ekki skaða af umgangi fólks, og að við framkvæmdir á staðnum, t.d. stígagerð, sé þess gætt að minjarnar skaðist ekki. Þar sem fornleifastaðir eins og kaupstaðurinn á Gáseyri hafa ekki áður verið kynntir og búnir undir umgang verður að gera ráð fyrir rannsóknum á því hvaða leiðir henta best í íslensku umhverfi. Hafa verður í huga að Gáseyri er friðland á Náttúruminjasráð og allar ákvarðanir um framkvæmdir þar eru háðar samþykki Náttúruverndarráðs. Á Gáseyri er talsvert fuglavarpi, og má búast við að umferð um svæðið verði takmörkuð á varptíma, þ.e. frá miðjum maí fram í miðjan júlí.

Uppgröftur og ferðamenn

Undanfarið hefur orðið vart við áhuga hjá fólki utan stéttar fornleifafræðinga á að nýta fornleifauppgröft til að laða að ferðamenn.¹² Þótt það sé vissulega af hinu góða að almenningur sýni starfi fornleifafræðinga áhuga verður að telja mjög vafasamt að aðrir þættir en fræðilegir séu látnir ráða staðarvali þegar ákvarðanir um fornleifarannsóknir eru teknar. Hins vegar er sjálfsagt að fólk geti heimsótt staði þar sem verið er að grafa hverju sinni og fræðst um rannsóknirnar, enda eru fornleifafræðingar upp til hópa fúsir að veita gestum allar upplýsingar sem þeir geta. Þó getur mikil og óskipuleg umferð um rannsóknasvæði valdið töfum sem koma sér illa þar sem fornleifauppgröftur er dýrt fyrirtæki og aðeins unnt að stunda hann stuttan tíma á ári hverju. Til að draga úr ónæði gætu byggðasöfn í grennd við stað sem verið er að rannsaka til dæmis efnt til hópferða þangað og boðið upp á leiðsögn. Leiðsögumaðurinn gæti á leiðinni sagt frá markmiði rannsóknanna og skýrt hvaða aðferðir fornleifafræðingar nota við störf sín, bæði við

¹² Margir kannast við uppgröftinn á víkingaaldarminjum í Jórvík á Englandi; meðan á honum stóð flyktist fólk þangað til að fylgjast með starfi fornleifafræðinganna. Niðurstöður rannsóknanna voru síðan nýttar þegar Jorvik Viking Centre var sett upp, en sú sýning nýtur gífurlegra vinsælda. Uppgröfturinn í York var upphaflega svokallaður björgunargröftur sem ráðist var í til að safna upplýsingum sem annars hefðu farið forgörðum þar sem til stóð að reisa stórhýsi þar sem vitað var af minjum undir yfirborði. Það er því misskilningur að hugsanlegur áhugi ferðamanna hafi ráðið þegar ákveðið var að hefja uppgröftinn.

uppgröft og við úrvinnslu gagna eftir að uppgreftri lýkur. Með þessu móti væri fólk undirbúið þegar það kæmi á staðinn og hefði betri möguleika á að skilja það sem fyrir augu ber, auk þess sem litlar tafir hlytust af því fyrir fornleifafræðingana að fá hópa í heimsókn á fyrirfram ákveðnum tímum.

Áfangastaður ferðamanna

Minjastaðurinn að Gásum gæti hentað vel sem áfangastaður fyrir ferðamenn og aðra sem vilja kynna sér söguna í gegnum minjar í landslagi. Rústirnar eru óvenju vel varðveittar og skýrar, staðurinn er vel aðgengilegur og hefur verið rannsakaður að hluta. Æskilegast væri að göngustígar yrðu lagðir nálægt tóftunum þar sem vel sést yfir þær. Við stígana væri síðan komið fyrir upplýsingaskiltum. Á þeim má sýna hvað vitað er um verslunina á Gásum og hvernig sú þekking er til komin. Fornir textar gefa aðeins takmarkaða mynd af lífinu þar og niðurstöður fornleifarannsóknna sömuleiðis, en þegar þetta tvennt er lagt saman kemur úr heillegri mynd en þegar aðeins önnur rannsóknaraðferðin er notuð. Vitneskja okkar um kaupstaðinn að Gásum er eftir sem áður brotakennd, en á skiltunum mætti t.d. gera grein fyrir því hvernig gögn sem fornleifafræðingar afla eru notuð og hvernig þeir hafa hafa komist að niðurstöðum sínum um staðinn. Á uppdrætti mætti sýna hvernig líklegt er að talið að umhorfs hafi verið á staðnum þegar mest var þar um að vera og tjaldað yfir allar búðir. Á kortum mætti sýna hvaða vörur bárust til Gása, hvaðan þær komu og sömuleiðis hvað Íslendingar lögðu í skiptum fyrir innflutninginn og hvar íslenska framleiðslan lenti.

Ekki rúmast miklar upplýsingar á skiltum, en hægt væri að útbúa bækling með ítarefni sem væri seldur á staðnum og eða nágrenni hans. Í slíkum bæklingi mætti gera nánari grein fyrir minjunum og þýðingu þeirra. Í samvinnu við náttúrufræðinga mætti auka upplýsingum um náttúrfar við kynningu á sögu staðarins og auka þannig aðdráttarafl hans. Á minjastöðum erlendis er víða boðið upp á myndskreytta bæklinga í tengslum við aðra kynningu; vandaðir bæklingar seljast síst verr en aðrir minjagripir enda gefa þeir fólki kost á kynna sér staðinn betur, bæði meðan á dvöl þar stendur og ef það hefur áhuga á að afla sér frekari upplýsinga um staðinn þegar heim er komið.

Gásir og nærsveitir

Frá árinu 1994 að telja hefur verið unnið að skráningu fornleifa og annarra menningarminja í Eyjafirði, og hafa safnast upplýsingar um fjölda áður óþekktra minjastaða¹³. Þekking á ástandi og dreifingu minjastaða er grundvöllur allrar minjaverndar, og ljóst að skráningarstarfið á eftir að skila Eyfirðingum betra yfirliti um menningaminjar á svæðinu en flest önnur byggðalög geta státað af. Þessi þekking nýtist ekki aðeins við rannsóknir og verndun minjanna heldur ekki síður til að velja þá staði sem best henta til kynningar.

Vel má hugsa sér að kynning á Gásum væri í sambandi við kynningar á öðrum minjastöðum í héraðinu. Á Gáseyri var miðstöð viðskipta við útlönd og eðlilegt að þaðan leiti hugurinn til þess umhverfis sem erlendu vörurnar voru notaðar í og eins að innlendri framleiðslu sem látin var í skiptum fyrir innflutta vöru. Kynningin að Gásum gæti þannig verið einskonar miðstöð en þaðan væri vísað áfram á aðra minjastaði sem tengjast t.d. útvegi og landbúnaði.

Gönguferðir með viðkomu á rústum selja sem nýlega hafa verið kortlögð inn með Eyjafirði myndu enn auka við þá mynd sem ferðamenn gætu gert sér af hinum fornu tímum.

¹³Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning í Eyjafirði I, II og III* (Akureyri 1994-1995); Birna Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV* (Akureyri 1995).

5. Kafli *Nýjar rannsóknir á Gásakaupstað: forsendur*

Svo sem fram hefur komið í þessari skýrslu hafa ýmsir fræðimenn fjallað um minjarnar á Gásum og nú um nokkurt skeið hefur verið áhugi fyrir því að kynna hann nánar fyrir almenningi og ferðamönnum. Liður í þeirri kynningu eru nýjar rannsóknir á staðnum. Hér verður leitast við að greina í hverju fræðilegt gildi Gása liggur.

Rannsóknir á kaupstaðaminjum á Íslandi er eitt þeirra sviða fornleifafræðinnar sem einna minnst hefur verið kannað. Til þessa hefur engin heildarmynd af verslunarsögu landsins verið dregin upp á grunni fornleifarannsókna. Víða um land er að finna viðlegumannvirki, uppsátur, hafnir og búðir. Þá eru einnig munnmæli og örnefni sem vísa til veru kaupmanna og í sumum tilfellum er gildi þeirra staðfest með áreiðanlegum sagnfræðilegum heimildum. Í tímans rás hafa minjar margra verslunarstaða horfið með öllu. Við Háagranda í Hafnarfirði, þar sem er ein besta höfnin við landið frá náttúrunnar hendi, voru minjar verslunarstaðarins forna, búðir og kirkjuleifar, eyðilagðar með stórvirkum vinnuvélum við hafnarbætur fyrr á þessari öld.

Enginn verslunarstaður hefur verið rannsakaður til hlítar. Auk þeirra takmörkuðu rannsókna sem gerðar hafa verið á Gáseyri, þá hafa einnig verið gerðar rannsóknir í Gautavík og Maríuhöfn. Þar eð í öllum tilfellum hafa þessar rannsóknir verið takmarkaðar að umfangi, þá hafa þær ekki skilað nýjum upplýsingum um sögu verslunar á Íslandi eða aukið miklu við sögulega þekkingu um þessa staði.

Heimildir um kauphafnir á Íslandi á miðöldum eru fátæklegar. Um þær er að finna fróðleiksbrot í annálum, skjölum, fornsögum, biskupasögum og Sturlungu. Á Íslandi á miðöldum urðu engir varanlegir verslunarstaðir til eins og annarsstaðar á Norðurlöndum. Við helstu hafnir urðu til e.k. markaðir og verslunin fór fram er skipin komu að utan. Gildi fornleifarannsókna á verslunarstöðum fyrir Íslandssögu liggur helst í athugunum á legu og aldri þessara staða og mannvirkjagerð þar. Ekki eru til traustar heimildir um mannvirki á verslunarstöðum á fyrstu öldum byggðar og lítið um það efni vitað. Hafnir

voru gjarnan heppileg lægi sköpuð af náttúrunnar hendi og jafnvel með einhverjum lagfæringum þar sem álar hafa verið dýpkaðir eða varnargarðar hlaðnir. Lesa má af ritheimildum að kaup tíð á Íslandi, sem vitaskuld markaðist af veðurfarinu við landið, hófst um páska ár hvert og lauk í september. Um dvöl manna á þessum stöðum er lítið vitað. Vitað er að útlendir menn höfðu stundum vetursetu, ef þeir urðu of seint fyrir, gerðu þeir jafnvel út skip til sjóróðra eða ráku verslun að vetrinum. Lengri dvöl við hafnir og í kaupstöðum hefur krafist meiri mannvirkja en stuttir verslunarfundir um sumar. Einungis fornleifarannsóknir á kaupstöðum geta aukið við þekkingu okkar þar um. Verði ráðist í rannsóknir á fornum verslunarstað er vert að hafa í huga hversu fáar heimildir eru til um efnið nú. Rannsókn á einum kaupstað, þar sem heildarsvæðið yrði vandlega kortlagt og ystu mörk þess fundin ásamt athugunum á viðleguháttum við staðinn, myndi bæta til muna þekkingu manna á almennum einkennum verslunarstaða. Nánari rannsókn, sem fæli í sér uppgröft, úttekt á gjóskulögum og athugun á jarðlögum, myndi skila nýstárlegum gögnum um aldur og uppbyggingu staðarins. Rannsóknir á einstökum búðum gætu dregið upp lifandi myndir af högum kaupmanna til forna. Forngrípir og lífrænar leifar (s.s. frjókorn, fræ) sem fyndust við slíkar rannsóknir gætu gefið nýjar upplýsingar um hvaða munir eða varningur voru fluttir inn til landsins á miðöldum eða hvaða hluti menn höfðu í fórum sínum á kaupstefnum. Eru þessi viðfangsefni öll ókönnuð og myndu auka almenna þekkingu á íslenskri verslunarsögu jafnt sem þau myndu varpa nýju ljósi á þær heimildir fornleifafræðinnar um líf og starf á Gáseyrarstað hinum forna sem legið hafa ósnertar undir þykkum sverði í aldaraðir.

6. Kafli. Nýjar rannsóknir á Gásakaupstað: framkvæmdaáætlun 1996-1998

Ekki er að efa að Gásir munu hafa mikilvægu hlutverki að gegna í ferðaþjónustu í Eyjafirði í framtíðinni. Án rannsókna og undirbúnings verður ekki unnt að standa að slíkri kynningu með trúverðugum hætti eða hefja framkvæmdir á staðnum. Hér er lögð fram tillaga að rannsóknaráætlun til þriggja ára sem miðar að því að fella saman vísindalega rannsókn og vandaða kynningu fornleifa fyrir ferðamönnum.

Markmið

Markmið rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

- a) að kortleggja minjastaðinn í heild
- b) að finna ystu mörk minjasvæðisins
- c) að athuga aldur byggðaminja í kaupstaðnum.
- d) að rannsaka lögun og gerð búðatófta

Afrakstur rannsóknarinnar nýtist síðan til að ákvarða framkvæmdir á minjastaðnum og útbúa heppileg kynningargögn fyrir ferðaþjónustu.

Aðferðir

Minjarnar á Gásum verða myndaðar úr lofti og á grundvelli loftljósmynda verður gerð áætlun yfir mælingar á staðnum. Lagt verður út staðbundið hnitakerfi er nær út fyrir rannsóknarsvæðið. Yfirborð rústasvæðisins og næsta nágrennis verður mælt með rafstýrdum fjarlægðarmæli og gögnin færð á stafrænu formi frá mælitækjum til tölvu. Gagnasafnið mun síðan verða hreinsað og unnið í sértækum hugbúnaði sem jafnframt verður notaður til að teikna kort og myndir af staðnum í heild eða að hluta.

Ystu mörk minjasvæðisins munu verða rannsökuð með þrennum hætti. Fyrst verða loftmyndir skoðaðar í þrívídd með aðstoð tölvu og leitað ummerkja um forn mannvirki utan helsta rústasvæðisins. Þá verður samtímis uppmælingunni leitað minja á vettvangi.

Loks verða grafnir skurðir utan rústasvæðins og leitað mannvistarleifa. Við leit að minjum sem ekki sjást á yfirborði verður beitt viðnámsmælingum á völdum svæðum. Gerð verður gjóskulagaathugun á Gáseyri og nágrenni og gert gjóskulagatímatil fyrir svæðið sem sýna mun hvaða gjóskulaga er að vænta á rústasvæðinu. Gerð verður fornvistfræðirannsókn er sýna mun ástand og varðveisluskilyrði lífrænna leifa, plöntuleifar greindar til tegunda og þannig leitað vísbendinga um innfluttan kornvarning. Hreinsaðar verða upp prufuholur frá rannsóknunum 1907 og 1986 og snið þeirra teiknuð og rannsökuð. Teknar verða nýjar holur í og við tóftir og götur til að finna aldursmörk byggðarinnar. Loks verður búðatóft rannsökuð með hefðbundnum uppgraftaraðferðum. Valin verður heppileg búð eða samliggjandi búðastæða og hún rannsökuð til hlítar. Kannaðir verða veggir og gerð veggjahleðslna og leitast við að safna þeim upplýsingum sem sýna upphaflega gerð búða á staðnum. Leitað verður gólflaga og gerð athugun á samsetningu þeirra. Leitast verður við að nýta niðurstöður af þeim uppgrefti til að bera saman við óuppgrafnar tóftir til að gera líkan eða uppdrætti af staðnum í heild eins og hann mun hafa litið út á miðöldum.

Rannsóknaráætlun 1996 - 1998

Ofangreindum markmiðum er unnt að ná með vandaðri kortlagningu og takmörkuðum uppgrefti. Ekki er unnt að mæla með heildaruppgrefti á svæðinu öllu, enda engin fræðileg rök er styðja þá hugmynd. Yfirvöld minjavörslu munu tæpast veita heimild til svo umfangsmikillar rannsóknar. Heildarrannsókn gæti tekið um 10 ár og kostnaður við verkið yrði ekki undir 45 milljónum króna. Þess í stað er gert ráð fyrir þriggja ára rannsókn sem mun kosta rúmlega átta milljónir króna.

Í áætluninni er gert ráð fyrir þremur sjálfstæðum áföngum sem hér er raðað í forgangs röð. Árangur áfanga 1 og 2 nýtist til fulls þó ekki verði ráðist í áfanga 3, enda miða þeir að því að safna upplýsingum um svæðið í heild, en áfangi 3 takmarkast við rannsókn á einni búðartóft. Við lok hvers áfanga verður skilað rannsóknarskýrslu annarsvegar og skýrslu með leiðbeiningum fyrir ferðaþjónustu hinsvegar. Gert er ráð fyrir því að frágangur á skýrslum, kortum og öðru myndefni verði með þeim hætti að gögnin megi nota til margvíslegrar kynningar.

Uppmælingin á rústasvæðinu mun skila nákvæmum mæligögnum á stafrænu formi sem nýtast á fjölbreyttan hátt við framleiðslu á kortum. Með þessum gögnum er unnt að útbúa hefðbundin hæðalínukort í heppilegri stærð. Jafnframt er unnt að gera líkön af minjastaðnum í heild, þrívíddarmyndir af hverri tóft eða tóftarþyrpingu fyrir sig o.s.v.fr. Sömu gögn má nota við gerð myndefnis fyrir sjónvarp og eða tölvur með upplýsingar fyrir ferðamenn.

Aldur og saga Gása er ekki þekkt nema að takmörkuðu leyti, þ.e.a.s. mannvistarleifar þar eru væntanlega ekki eldri en frá landnámsöld, og staðurinn er nánast gleymdur á 18. öld. Fyrirhugaðar rannsóknir munu leiða í ljós helstu meginþætti í sögu Gásakaupstaðar. Leitað verður vísbendinga um upphaf mannvirkjagerðar og umsýslu á Gásum svo og hver urðu endalok verslunarstaðarins.

Verði ráðist í þriðja áfanga rannsókna mun ein eða fleiri búðartóftir verða grafnar upp og mun það gefa hugmyndir um húsakynni aðbúnað manna í kaupstöðum á miðöldum.

Kostnaðaráætlun 1996 - 1998

Í neðangreindri áætlun eru forsendur kostnaðarútreikninga þessar:

- mannmánuður við innivinnu 250.000, mannmánuður á vettvangi 360.000.
- fæðiskostnaður er innifalinn í upphæð mannmánuðar, en gert er ráð fyrir að leiðangri verði útveguð gistaðstaða á Akureyri.
- aksturskostnaður er 33 kr. pr. km.
- kostnaðaráætlunin tekur ekki til launakostnaðar aðstoðarmanna, en æskilegt væri að ráða 2 aðstoðarmenn (vegna atvinnuátaks í héraði) í 2 mánuði við hvern áfanga.
- gert er ráð fyrir aðstoð Tæknideildar Akureyrar við uppsetningu hnitakerfis í upphafi rannsókna.
- gert er ráð fyrir aðstoð Akureyrarbæjar við uppsetningu vinnuskúrs og annarar hefðbundinnar vinnuástöðu á vettvangi.

	mannmán.	kr.	
1996			
undirbúningur	(0,5)	125.000	
loftljósmyndun		235.000	
uppmæling	(2,5)	900.000	
tækjaleiga		120.000	
aksturskostnaður		105.000	
kortagerð og teiknivinna		250.000	-
úrvinnsla og skýrslugerð	(2,0)	500.000	-
annar kostnaður		105.000	
alls			2.340.000
1997			
undirbúningur	(0,5)	125.000	
fjarkönnun: viðnámsmælingar	(0,5)	180.000	
uppgröftur - endimörk svæðis	(1,5)	540.000	
uppgröftur - tímamörk byggðar	(1,0)	360.000	
jarðlaga- og fornvistfræðiranns.	(1,0)	360.000	
C-14 greining		110.000	
tækjaleiga		120.000	
aksturskostnaður		105.000	
úrvinnsla og skýrslugerð	(2,0)	500.000	
annar kostnaður		120.000	
alls			2.520.000
1998			
undirbúningur	(0,5)	125.000	
uppgröftur - búðatóft	(5,0)	1.800.000	
forvarsla funda		280.000	
beinagreining		235.000	
C-14 greining (AMS)		200.000	
tækjaleiga		160.000	
aksturskostnaður		120.000	
úrvinnsla og skýrslugerð	(3,0)	750.000	
annar kostnaður		180.000	
alls			3.850.000
heildarkostnaður			8.710.000

7. Kafli Niðurstöður

Í skýrslulok er rétt að draga saman meginatriði að undirbúningi fyrir rannsóknir og kynningu á Gásakaupstað. Þessi atriði er vert að hafa í huga við ákvarðanir um fyrirhugaðar rannsóknir og framkvæmdir:

- ▶ Á Norðurlandi er enginn minjastaður sem kynntur hefur verið með skipulögðum hætti í ferðaþjónustu.
- ▶ Gásir eru vannýttur ferðamannastaður og þar væri einnig heppilegt að kynna sögu lands og héraðs fyrir skólabörnum.
- ▶ Gásir eru einn sérstæðasti minjastaður á Íslandi. Ekki voru margir verslunarstaðir við landið og fáir eða engir jafnstórir og jafn vel varðveittir og Gásir. Búðatóftirnar eru á stóru svæði, þær eru mjög skýrar og auðvelt að sjá á þeim lag.
- ▶ Árósar Hörgár og votlendið vestan við Gáseyri eru á náttúruminjaskrá.
- ▶ Gásir hafa mikið vísindalegt gildi, en eru ekki í hættu, að lítilsháttar sjávarrofi undanskildu.
- ▶ Uppgröftur er aðeins ein af aðferðum fornleifafraeðinnar og sú sem hefur mesta og varanlegasta eyðileggingu í för með sér.
- ▶ Gásir eru tilvalinn staður til að þróa vandaðri aðferðir við kynningu íslenskra menningarminja fyrir ferðamönnum. Slík kynning er afar takmörkuð á Íslandi en á Gásum mætti afla gagnlegrar reynslu og þekkingar á því hvernig sýna mætti minjastað á vandaðan hátt.
- ▶ Áætlun um rannsóknir og kynningu að Gásum ætti að miða að því að auka vitneskju um staðinn á kerfisbundinn hátt og gera hann aðgengilegan fyrir ferðafólk án þess að raska fornleifunum mikið og þannig að fullt tillit verði tekið til náttúru og lífríkis á staðnum.
- ▶ Athuganir og skilgreining á ystu mörkum rústasvæðisins eru forgangsverkefni. Við slíkar athuganir kunna að finnast minjar sem ekki eru sjáanlegar á yfirborði. Ef af

uppgrefti og frekari rannsóknum yrði, væri æskilegt að þær takmörkuðust við þessar minjar en ekki þær sem nú eru sýnilegar.

- ▶ Auk hinna stórfenglegu kaupstaðaminja á Gásum eru margir aðrir áhugaverðir minjastaðir í Eyjafirði sem verðskulda athygli og fella má saman við kynningu á Gásum.
- ▶ Heppilegt væri að kynning á Gásum væri í samhengi við kynningar á öðrum minjastöðum í héraðinu. Á Gáseyri var miðstöð viðskipta við útlönd og eðlilegt að þaðan leiti hugurinn til þess umhverfis sem erlendu vörurnar voru notaðar í og eins að innlendri framleiðslu sem látin var í skiptum fyrir innflutta vöru. Kynningin á Gásum gæti þannig orðið einskonar miðstöð en þaðan væri vísað áfram á aðra minjastaði sem tengjast t.d. útvegi og landbúnaði.